



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjanesbær, 3. nóvember 2020.

Efni: Umsögn lögreglustjórans á Suðurnesjum um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, (umsáturseinelti), þingskjal 133 – 132. mál.

Lögreglustjóranum á Suðurnesjum hefur borist til umsagnar ofangreint stjórnarfrumvarp dómsmálaráðherra til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, (umsáturseinelti).

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum tekur undir þau sjónarmið sem reifuð eru í greinargerð frumvarpsins og telur að sérstakt refsíákvæði um umsáturseinelti sé til þess fallið að auka enn frekar á vernd þeirra sem verða fyrir umsátri, ekki síst kvenna og barna. Er það í samræmi við 34. gr. Istanbúl-samningsins þar sem kveðið er á um að samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að ásetningsverknaður, sem felst í ógnandi hegðun gagnvart öðrum einstaklingi og veldur ótta hjá honum um eigið öryggi, sé lýstur refsiverður.

Embættið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en vill að þessu tilefni lýsa yfir sérstakri ánægju með framlagningu þess.

Margrét Kristín Pálsdóttir
aðstoðarlögreglustjóri